

Alþingi
Erindi nr. P 140/2595
komudagur 22.5.2012



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2012

Efni: Umsögn KÍ/Félags framhaldsskólakennara um 765. þingmál, frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð

KÍ/Félag framhaldsskólakennara fagnar frumvarpinu og leggur áherslu á að það verði sem fyrst að lögum. Tekið er undir þau sjónarmið að stofnun vinnustaðanámssjóðs með lögum frá Alþingi marki tímamót í starfsmenntun í landinu. Bent er hins vegar á að framlög í vinnustaðanámssjóð þarf að tryggja mun betur en frumvarpið í sjálfu sér gerir. Tekið er undir sjónarmið í kafla III í athugasemdum með frumvarpinu um mat á fjárförf sjóðsins, sem talin er mun meiri en framlög sem ákveðin voru fyrir árin 2012-14 og svara til 150 milljón króna framlags á ári. Tilætluð áhrif af stofnun vinnustaðanámssjóðs ráðast mikið af því hvort fjármagnið sem ráðstafað er til starfseminnar er í raunhæfu samhengi við þörf og eftirspurn.

Virðingarfyllt

F. h Félags framhaldsskólakennara
Elna Katrín Jónsdóttir